

ENDURVINNSLA Á ÁLGJALLI, GRUNDARTANGA, HVALFJARÐARSVEIT

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla á álgjalli á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur fyrir liggja að umhverfisáhrif af föstum úrgang verði óveruleg. Byggist það á því að Umhverfisstofnun tekur fram að í starfsleyfi stofnunarinnar verði sett skilyrði um magn af gjallsandi sem safna má á svæðinu og frágang er komi í veg fyrir að vatn komist í sandinn áður en hann verði fluttur brott til endurvinnslu.

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu Umhverfisstofnunar um að losun mengunarefna í andrúmsloft verði fremur lítil í samanburði við aðra sambærilegra losun mengunarefna á svæðinu og telur Skipulagsstofnun að samlegð með mengun frá iðjuverum sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu, sé ólíkleg til að verða umtalsverð. Máli sínu til stuðnings bendir Skipulagsstofnun á áætlun um árlega losun á SO₂, ryki og HF eins og hún var kynnt í matsskýrslu Norðuráls fyrir 300.000 tonna álver á Grundartanga árið 2002. Samkvæmt henni verður hlutfall álgjallsins af losun álversins um 0,2 % af SO₂, 0,12 % af ryki og um 0,26 % af HF. Það er því auðsýnt að hlutfall helstu mengunarefna í útblæstri frá endurvinnslu álgjalls er eingöngu lítið brot af því sem berst frá álveri Norðuráls en þess utan er veruleg losun frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga sem ekki er tekið tillit til í þessum samanburði.

Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ef tekin verði ákvörðun um að vinna brotaál/drykkjarvöruumbúðir í ferlinu verði sett upp sérstakur hreinsibúnaður sem tryggji viðunandi loftgæði. Fram kemur að slíkar umbúðir séu húðaðar með epoxýefnum og prentlitum sem myndi lífrænar gufur við niðurbrot húðunarefna. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir gerð, áhrifum eða magni þeirra mengunarefna sem myndast við niðurbrot húðunarefnanna þá beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfsemi ef fyrirhugað er að endurvinnna húðað ál.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem og breyting á deiliskipulagi svæðisins. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

INNGANGUR

Þann 4. maí 2010 tilkynnti VSÓ Ráðgjöf áform um endurvinnslu á álgjalli á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 4 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 20. maí og 9. júní 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. maí 2010, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 21. maí 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. maí 2010. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf með bréfum dags. 27. maí og 10. júní 2010 og tölvupósti 14. og 16. júní 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að félag áformi að byggja verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit til endurvinnslu á álgjalli og brotaáli sem falli til hér á landi. Flutningar á brotaáli að verksmiðjunni muni fara fram með flutningabílum og flutningur á framleiddu áli verður með bílum til álvera hér á landi og skipum til erlendra kaupenda.

Framleiðsluferillinn verði algjörlega lokaður og endurvinnna eigi öll efni sem verði til í ferlinu. Áætlað sé að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári og gert ráð fyrir að endurvinnslan skapi 6-8 ársverk. Til að hýsa starfseminu verði reist um 2.000-2.500 m² hús með 12-14 m þakhæð.

Fram kemur að álgjallið verði brætt í tromluofni, því fleytt undan saltlausn í ofninum og steipt í kubba eða aðrar einingar sem viðskiptavinir fyrirtækisins óska eftir. Hægt sé að ná jafnari og betri vinnslu á álinu með því að bæta brotaáli í framleiðsluferlið en hér á landi falli til nokkur hundruð tonn á ári af því. Ef umbúðir drykkjarvöru verði notaðar í endurvinnsluferlinu kalli það á sérstakan hreinsibúnað til þess að hreinsa lífrænar gufur sem myndist við niðurbrot húðunarefna.

Fram kemur að orkuþörf sé áætluð um 1.280 MJ/tonn álgjall og stefnt sé að því að nota olíu eða gas. Í frekari upplýsingum kemur fram að miðað við að notuð verði olía þá megi reikna með að 33 kg af olíu þurfi fyrir hvert tonn af álgjalli. Miðað við endurvinnslu á 15 þús tonnum á ári af álgjalli ætti notkunin að hámarki að verða um 8.500 lítrar á viku. Samsvarandi tölur fyrir gas gætu orðið 33 m³ af gasi fyrir hvert tonn af álgjalli. Það samsvarar að í hverri viku yrði notkunin að hámarki um 9.500 m³ af gasi. Fram kemur að bræðsluofninn verði vatnskældur, með lokaðri hringrás.

Fram kemur að úrgangur sem falli til í vinnsluferlinu sé einkum þrennskonar; gjallsandur, afsogsryk og afgang. Gjallsandur muni nema 6.000-10.500 tonnum á ári og verði verði fluttur út til endurvinnslu. Afsogsryk sé áætlað að verði allt að 500 tonn á ári og verði selt til erlendra endurvinnsluáðila. Verksmiðjan verði innan þynningarsvæðis stóriðju á Grundartanga sem skilgreint sé fyrir losun brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs. Losun þessara efna frá verksmiðjunni muni valda óverulegri aukningu þessara efna innan þynningarsvæðisins. Áætlað sé t.d. að magn SO₂ verði 5.500 kg/ári, HF 180 kg/ári og NO_x 9.150 kg/ári. Úrgangur sem falli til vegna viðhalds búnaðar s.s. fóðringar verði sendar úr landi til endurvinnslu.

Fram kemur að hávær búnaður verði skermaður af í sérstöku rými inni í skemmu og því eigi hljóðvist utan skemmunar að vera innan viðmiðana um hávaða á athafnasvæði sbr. reglugerð nr 724/2008 um hávaða.

Fram kemur að það sé mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna endurvinnslu álgjalls á Grundartanga geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tekur undir það sjónarmið framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna verksmiðjunnar teljist ekki umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum og í samanburði við álver og kísiljárnverksmiðju á Grundartanga. Hins vegar sé það skoðun sveitarstjórnar að mengun frá verksmiðjum á Grundartanga sé nú þegar orðin það mikil að áhrifa sé farið að gæta utan þynningarsvæðisins og að allar viðbætur, sem kunna að hafa í för með sér aukna mengun á svæðinu, skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Í umhverfismati sé lögð sérstök áhersla á sammögnunaráhrif í tengslum við þá viðbótarstarfsemi sem fyrirhuguð sé og þannig séu áhrifin metin heildrænt og í samhengi við aðra starfsemi á Grundartanga.

Í umsögninni er gerð athugasemd við það að ekki sé fyrirhugað að nota raforku við enduvinnsluna í stað olíu eða gass og að ekki sé fyrirhugað að nota sjó við kælingu í stað ferskvatns. Þá er bent á það að verksmiðjan kalli á meiri landflutninga og því óskað eftir afstöðu framkvæmdaraðila til endurbóta á núverandi gatnamótum við Hringveginn og þá með hvaða hætti. Einnig er óskað eftir upplýsingum um það hvernig vöktun verði háttáð. Bent er sérstaklega á að gerðar hafi verið athugasemdir við framkvæmd og eftirlit núverandi vöktunar.

Í svörum VSÓ Ráðgjafar kemur fram að með þeirri aðferð sem byggir á notkun olíu/gas náist mun betri nýting í endurvinnsluferlinu en með rafmagni sem skili sér í hlutfallslega meira áli og minna af úrgagnsefnum. Ef nota eigi sjó við kælingu þurfi að tryggja mög vel alla tæringarvörn búnaðarins sem notaður sé til kælingar en sá búnaður sem nota eigi hafi ekki slíka eiginleika og þess í stað sé stefnt að hringrásun kælivatnsins til þess að draga úr vatnsnotkun. Vatnið verði því loftkælt í lokaðri hringrás. Ekki sé augljóst að flutningar aukist til og frá Grundartanga með tilkomu vinnslunnar, þar sem hún komi til með að draga úr flutningum frá Norðuráli, takist samningar við fyrirtækið. Ljóst sé að gatnamót við Hringveg séu alls ekki örugg og framkvæmdaraðili telji brýnt að gatnamótin verði lagfærð.

Vöktun verði fólgin í mælingu á ryki og virkni pokasíuvirkisins með viðeigandi mælíbúnaði í samræmi við kröfur í starfsleyfi sem væntanlega verði unnið í samráði við fulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

Magn mengunarefna frá gjallvinnslunni verði væntanlega innan við óvissumörk þegar verið er að ákvarða stærð þynningarsvæðis umhverfis nálæg stóriðjuver. Það geti því tæplega talist réttlætlegt að setja kröfur á þetta eina fyrirtæki að skoða sammögnunaráhrif vegna allra annarra fyrirtækja á svæðinu.

Í frekari umsögn Hvalfjarðarsveitar gerir sveitarstjórn umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar að sinni. Í umsögninni kemur fram að umhverfis- og náttúruverndarnefnd hafi tekið erindið aftur fyrir ásamt svörum sem borist höfðu frá VSÓ Ráðgjöf um orkuþörf, kælivatn, flutninga og vöktun. Nefndin telji þó ekki

ástæðu til að breyta afstöðu sinni til þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, því áhyggjur nefndarinnar lúti að þolmörkum svæðisins vegna frekari uppbyggingu mengandi starfsemi á svæðinu. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í svari VSÓ Ráðgjafar að það geti tæpast talist réttlætanlegt að setja kröfur á viðkomandi fyrirtæki að skoða sammögnunaráhrif vegna annarra fyrirtækja á svæðinu. Hins vegar telji nefndin heldur ekki rétt að komið verði upp frekari verksmiðjustarfsemi með tilheyrandi mengun á Grundartangasvæðinu nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum þar sem tillit sé tekið til þeirrar starfsemi sem nú þegar sé á svæðinu og valdi mengun í sínu nánasta umhverfi. Hvort það sé á ábyrgð og kostnað einstakra fyrirtækja, landeiganda eða samstarfsverkefni þessara aðila hefur nefndin ekki skoðun á. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur á það mikla áherslu að varúðarsjónarmiða sé gætt í frekari uppbyggingu á Grundartanga og að náttúran fái að njóta vafans. Það er ljóst að mengunar frá núverandi verksmiðjum sé farið að gæta í umhverfinu, bæði innan og utan hins skilgreinda þynningarsvæðis. Af þessu hefur nefndin áhyggjur og leggur því á það ríka áherslu að vandað sé til verka strax í upphafi og að allur mengunarvarnarbúnaður sé eins og best verður á kosið.

Í svörum VSÓ Ráðgjafar er bent á að sveitarfélagið telji að forsendur fyrir þeim iðnaði sem nú þegar er innan iðnaðarsvæðis á Grundartanga séu brostnar m.t.t. mengunar. Mengun innan iðnaðarsvæðisins sé að mati sveitarstjórnar komin yfir ásættanleg mörk og gæti þurft að ráðast í endurskoðun á starfsleyfum þeirra fyrirtækja sem þar eru og/eða endurskoðun á afmörkun þynningarsvæðis.

Með hliðsjón af umsögnum Hvalfjarðarsveitar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er það niðurstaða framkvæmdaraðila að þegar litið er til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sé fyrirhuguð vinnsla á algjalli ekki líkleg til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Losun frá verksmiðjunni verði óveruleg miðað við þá starfsemi sem fyrir er, vinnslan verði staðsett innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og umfang áhrifa verði óverulegt. Þá liggja öll helstu gögn fyrir um fyrirhugaða vinnslu algjalls og líkleg áhrif. Mat á umhverfisáhrifum skv. IV. kafla laga nr. 106/2000 muni því ekki koma fram með nýjar upplýsingar eða breyta þeirri megin niðurstöðu að starfsemi vegna vinnslu algjalls hefur ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif af úrgangi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gjallsandur verði sendur til erlendra endurvinnsluaðila, þar sem meðhöndlun gjallsands sé flókið úrlausnarefni sem myndi gerbreypa forsendum framkvæmdarinnar ef sú meðhöndlun yrði hérlendis. Umhverfisstofnun bendir einnig á að framkvæmdaraðili þurfi að afla sér heimilda til útflutnings gjallsands samkvæmt Baselsamningnum um flutning og förgun spilliefna og að sú leyfisveiting sé óháð starfsleyfi. Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar muni verða sett talmörk á því magni af gjallsandi sem safna megi fyrir á svæðinu og skilyrði um meðferð hans, svo sem að vatn megi ekki komast í hann. Stofnunin telur einnig æskilegt að áður en málið verði endanlega afgreitt af hálfu Skipulagsstofnunar að fyrir liggja viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um að eiga samstarf við framkvæmdaðila um umhverfissvöktun á Grundartangasvæðinu eins og stefnt sé að. Staðsetning verksmiðjunnar sé innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og losun mengunarefna verði fremur lítil í samanburði við aðra losun sambærilegra mengunarefna á svæðinu. Stofnunin bendir þó á að gæta verði vel að hættu á mengunaróhöppum.

Í svörum VSÓ Ráðgjafar segir að reiknað sé með að gjallsandur verði fluttur burt frá verksmiðjunni ekki sjaldnar en á tveggja vikna fresti og til útflutnings verði aflað

tilskilinna leyfa í samræmi við Baselsamninginn um flutning og förgun spilliefna. Meðferð gjallsands verði í samræmi við reglugerð um meðferð spilliefna nr. 806/1999. Þá er bent á að í starfsleyfum stóriðjufyrirtækja á Grundartanga komi fram skilyrði um umhverfissvöktun og kynningu á umhverfismálum fyrirtækjanna. Framkvæmdaraðili reikni með samstarfi við aðra aðila sem þegar séu með starfsemi á svæðinu eftir því sem við á og kveðið verði á um í starfsleyfi.

Starfsleyfi á framkvæmdartíma. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að á framkvæmdatíma kunni framkvæmdaraðili að setja niður starfsemi á svæðinu sem sækja beri um starfsleyfi fyrir til heilbrigðisnefndar sbr. reglugerð nr. 785/1999.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit til endurvinnslu á álgjalli og brotaáli sem fellur til hér á landi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 4 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Gert er ráð fyrir að flutningar á brotaáli að verksmiðjunni fari fram með flutningabílum Framleiðsluferillinn á að vera algjörlega lokaður og öll efni sem til falla í ferlinu verða endurunnin. Áætlað er að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári og gert ráð fyrir að endurvinnslan skapi 6-8 ársverk. Fyrir starfsemina á að reisa um 2.000-2.500 m² hús með 12-14 m þakhæð. Bræðsluofninn verður vatnskældur og kælivatnið verður í lokaðri hringrás. Úrgangur sem falli til í vinnsluferlinu verði einkum gjallsandur og afsogsryk sem á að flytja út til endurvinnslu. Megin orka fáiast með brennslu á olíu eða gasi sem nemi 8.500 lítrum af olíu á viku eða 9.500 m³ af gasi. Verksmiðjan kemur til með að vera innan þynningarsvæðis stóriðju á Grundartanga sem skilgreint er fyrir losun brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs og veldur losun þessar efna frá verksmiðjunni, SO₂ 5.500 kg/ári og HF 180 kg/ári, óverulegri aukningu innan þynningarsvæðisins. Einnig myndast um 9.150 kg/ári af NO_x.

Skipulagsstofnun telur fyrir liggja greinargóða lýsingu á framleiðsluferli verksmiðjunnar, upplýst er um helstu mannvirki og framleiðsluferli, úrgang og meðferð hans.

Skipulagsstofnun telur fyrir liggja að umhverfisáhrif af föstum úrgangi verði óveruleg. Byggist það á því að Umhverfisstofnun tekur fram að í starfsleyfi stofnunarinnar verði sett skilyrði um magn sem safna má á svæðinu og frágang, er komi í veg fyrir að vatn komist í sandinn áður en hann verði fluttur brott til endurvinnslu. Skipulagsstofnun bendir á að verði fastur úrgangur ekki fluttur út til endurvinnslu beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulíð 13 a í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu Umhverfisstofnunar um að losun mengunarefna í andrúmsloft verði fremur lítil í samanburði við aðra sambærilegra losun mengunarefna á svæðinu og telur Skipulagsstofnun að samlegð með mengun frá iðjuverum sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu, sé ólíkleg til að verða umtalsverð. Máli sínu til stuðnings bendir Skipulagsstofnun á áætlun um árlega losun á SO₂, ryki og HF eins og hún var kynnt í matsskýrslu Norðuráls fyrir 300.000 tonna álver á Grundartanga árið 2002. Þar kom fram að gert væri ráð fyrir að álverið losaði árlega 2.502 tonn af SO₂, 252 tonn af ryki og 69 tonn af HF. Hlutfall álgjallsins af losun álversins væri því um 0,2 % af SO₂, 0,12 % af ryki og um 0,26 % af HF. Það er því auðsýnt að hlutfall helstu mengunarefna í útblæstri frá endurvinnslu álgjalls er eingöngu lítið brot af því sem berst frá álveri Norðuráls en þess utan er veruleg losun

frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, einkum á SO₂ og ryki, sem ekki er tekið tillit til í þessum samanburði.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að ekki liggja fyrir nein drög að starfsleyfi Umhverfisstofnunar, meðal annars um umhverfisvöktun, geti Skipulagsstofnun ekki krafist þess að fyrir liggji viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um samstarf við umhverfisvöktun. Skipulagsstofnun telur engu að síður nauðsynlegt að fyrirhuguð verksmiðja sem ætlað er að endurvinna álgjall taki fullan þátt í því samstarfi sem er á svæðinu með tilheyrandi upplýsingaskyldu til eftirlitsaðila.

Athygli vekur að í greinargerð og umhverfisskýrslu aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar sem staðfest var af umhverfisráðherra 19. maí 2010 kemur hvergi fram að mengun sé farin að rýra landgæði utan þynningarsvæði líkt og fullyrt er í umsögn sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar um framkvæmdina. Að mati Skipulagsstofnunar hefði verið æskilegt að endurmat á samlegðaráhrifum mengunar frá núverandi iðnaði hefði farið fram við endurskoðun aðalskipulags og komið fram í aðalskipulaginu hvort og þá hversu mikið rými væri fyrir frekari loftmengandi starfsemi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð VSÓ Ráðgjafar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla á álgjalli á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ef tekin verði ákvörðun um að vinna brotaál/drykkjarvöruumbúðir í ferlinu verði settur upp sérstakur hreinsibúnaður sem tryggji viðunandi loftgæði. Fram kemur að slíkar umbúðir séu húðaðar með epoxýefnum og prentlitum sem myndi lífrænar gufur við niðurbrot húðunarefna. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir gerð, áhrifum eða magni þeirra mengunarefna sem myndast við niðurbrot húðunarefnanna þá beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni ef fyrirhugað er að endurvinna húðaál. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13 a, þ.e. allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki samræmast stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 þar sem hún er fyrirhuguð á athafnasvæði en ekki iðnaðarsvæði. Framkvæmdin er ekki í samræmi við deiliskipulag vestursvæði iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga sem samþykkt var 10. mars 2009 þar sem fyrirhugað svæði er afmarkað sem þjónustusvæði í deiliskipulaginu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem og breyting á deiliskipulagi svæðisins. Aðal- og deiliskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa

verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

